

Forsætisnefnd

***Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.***

Í tengslum við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2014 fer að jafnaði fram könnun á því hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. KPMG hefur af því tilefni kannað hvort borgarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktar er lúta að stjórnarsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Einstakar ábendingar voru sendar til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, borgarlögmans, skrifstofu borgarstjórnar og umhverfis- og skipulagssviðs og óskað eftir viðbrögðum á vinnslustigi.

Í þeirri ábendingu sem vísað var til skrifstofu borgarstjórnar kemur fram að í 15. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Reykjavíkurborgar nr. 715/2013 segir að um ritun fundargerða borgarstjórnar fari samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins. Eru þær leiðbeiningar nr. 22/2013. Við gildistöku samþykktarinnar var hefðbundnum frágangi fundargerðarinnar ekki breytt til samræmis við hinar nýsamþykktu leiðbeiningar en forseti borgarstjórnar og tveir kjörnir skrifarar ganga frá fundargerð í lok fundar. Ekki hefur verið gert ráð fyrir að allir borgarfulltrúar undirriti fundargerðina eins og fram kemur í fyrrgreindum leiðbeiningum. Í skoðun KPMG er því réttilega bent á ósamræmi á milli ákvæða í samþykkt um stjórn og fundarsköp og framkvæmd við frágang fundargerða borgarstjórnar.

Að því tilefni hefur skrifstofa borgarstjórnar nú unnið tillögu að breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þar sem gert er ráð fyrir sérreglu um frágang fundargerða borgarstjórnar í samræmi við langa hefð þess efnis. Jafnframt er hlutverk skrifara við frágang fundargerðarinnar skilgreint. Drög að þessum breytingum liggja nú fyrir og eru lögð fyrir forsætisnefnd til þóknarlegrar meðferðar.

Helga B. Laxdal

Hjálagt:

Drög að tillögu um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar